



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023

MYNL2FF05

Kennari	Íris Jónsdóttir, iris.jonsdottir@fss.is		
Viðtalstími	Mánudagar frá kl. 10:30 til 11:10		
Námsefni	Efni frá kennara.		
Áfangalýsing	MYNL2FF05: Þetta er framhaldsáfangi í myndlist sem byggist á því að dýpka þekkingu nemenda á beitingu fjarviddarteikningar. Fjarviddarteikning er aðferð sem notuð er þegar þrívítt umhverfi er teiknað á tvívíðan flöt. Nemendur efla þekkingu sína á samsíðafjarvidd og fjarvidd út frá hvarfpunktum með höfuðáherslu á eins, tveggja og þriggja punkta fjarvidd þannig að þeir hafi vald á rýmisteikningu og getu til að teikna þrívíða hluti.		

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Leiðsagnarmat. Fjölbreytt verkefni unnin jafnt og þétt yfir önnina. Vinnubrögð, virkni og listrænt gildi eru lögð til grundvallar námsmati. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Engin skrifleg próf. Leikni er metin út frá verklagi og færni í útfærslu verkefna. Hæfni er metin út frá sjálfstæði og sköpun í þróun hugmynda. Vegna ástandsins geta orðið breytingar með litlum eða engum fyrirvara.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Tímaverkefni		50%
	Skissubók		30%
	Virkni		10%
	Raunmæting		10%

Reglur áfanga	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir, skili á réttum tíma og mæting uppfylli mætingareglur FS. Ath. breyting á skráningu mætinga verður ekki gerð nema í eina viku frá skráningu. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum.
---------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Efnisgjald; sjá Innu Það sem nemandi þarf að kaupa: Blýantar HB, 2B og 6B Strokleður og yddari Teiknitúss Skissubók
---------------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • samvinnu sjónskynjunar og hreyfingar handar í teikningu • jafnvægi, hlutföllum, hreyfingu og mótun forma mannslíkamans • samhljómi milli módelteikningar og beina- og vöðvabyggingar mannslíkamans • aðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta • hvað er ólíkt með rannsóknarvinnu og frjálsri teikningu • hvernig nokkrir listamenn hafa unnið með mannslíkamann í sögunni og samtímanum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • hreyfa teikniáhald í samræmi og samfellu við skynjun sína • teikna og móta hreyfingu í mismunandi líkamsstöðu í jafnvægi og réttum hlutföllum • móta megin form líkamans • beita hjálparaðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta • byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu á mannslíkamanum og verkum annarra • skynja og túlka það sem hann sér og upplifir •
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vinna að ýmsum ólíkum verkefnum í módelteikningu • koma auga á hluti/þætti í umhverfi sínu sem tengjast módelteikningu og vinna með þá á eigin forsendum • nýta verk annarra listamanna sem innblástur fyrir eigin verk • taka virkan þátt í umræðu um verk sín og annarra • ígrunda verk sín og vinnuferli og ræða við aðra	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Rannsóknarvinna	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. skil	12 klst.	12 klst.
Alls		114 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 11. janúar	Kynning á námsefninu. Verkefni, línur, hörkustig.	Skissubók, a.m.k. tvær skissur á viku.
2. vika 12. - 18. janúar	Nemendur teikna inn á ljósmyndir fjarviddarlínur og ræði ýmsar tegundir fjarviddar.	
3. vika 19. - 25. janúar	Eins punkta fjarvidd unnin eftir ljósmynd – A3 blað.	
4. vika 26. janúar - 1. febrúar	Frh. á eins punkta fjarvidd	
5. vika 2. - 8. febrúar	Tveggja punkta fjarvidd – A3 blað	
6. vika 9. - 15. febrúar	Tveggja punkta fjarvidd unnin eftir ljósmynd – A3 blað	
7. vika 16. - 23. febrúar	Frh. á tveggja punkta fjarvidd. Stoð	
8. vika 24. febrúar - 2. mars	Þriggja punkta fjarvidd – A3 blað	
9. vika 3. - 9. Mars <i>Miðannarmat</i>	Frh. á þriggja punkta fjarvidd	
10. vika 10. - 16. mars	Rýmisfjarvidd – A3 blað	
11. vika 17. - 23. mars	Frh. á rýmisfjarvidd – A3 blað	
12. vika 24. - 30. mars <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Frh. á rýmisfjarvidd – A3 blað	
13. vika 11. - 17. apríl	Ljós og skuggi, fjarviddc, staðsetning hluta innan rýmis. Skygging frá einum ljósgjafa	
14. vika 18. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Frh. á ljós og skugga	
15. vika 26. - 3. maí	Frh. á ljós og skugga. Stoð	
16. vika 4. - 10. maí	Frágangur og skil á verkefnum og skissubók	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Jónsdóttir